

slitum málsins verða hinum skipaða málsfærslumanni áfrýðendanna eigi dæmd málflutningslaun. Málsfærslan af hálfu hins skipaða sækjanda hefur varið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgjörð á óröskuð að vera.
Málskostnaður falli niður.

Nr. 21/1890.

Rjettvísín

gegn

Edilon Stefánssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar upp-
kveðnum 2. júním. þ. á., var hinn ákærði Edilon
Stefánsson, dæmdur til að sæta 3ggja ára betrunarhúss-
vinnu samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní
1869, 233. gr., síðari málslið, fyrir stórpjófnað, svo og
til að greiða iðgjöld til fangavardar Sigurðar Jónssonar,
15 kr. 80 au., og ennfremur allan af málinu og af varð-
haldi sínu, meðan á rekstri þess stóð, leiðandi kostnað.
Þessum dómi hefur hlutadeigandi amtmaður skotið til
yfirdómsins.

Með játningu hins ákærða sjálfs, sem kominn er
yfir lögaldur sakamanna, og öðrum skýrslum íl málinu,
er það löglega sannað, að hann hafi síðastliðinn vetur
stolið úr kjallara hegningarhússins í Reykjavík sem næst
5 fjórðungum af saltkjöti, svo og 2 rullupilsur og 9
pottum af steinolfu. Þessu stal ákærði í 3 skipti, og
fór hann í hvert skiptið yfir hegningarhússgirðinguna að
austanverðu og komst þannig inn í garðinn, en úr hon-

um er gengið niður í kjallarann. Kjallarinn sjálfur var ólæstur, en kompunni, þar er kjötið og steinolfan var, lauk ákærði upp með lykli, er hann hafði tekið hjá páverandi húsmóður sinni. Hinn ákærði sætti færi í hvert skipti að fremja þjófnað þenna, þegar dimmt var orðið, og í 2 síðari skiptin hafði hann vitneskju um það, að fangavörðurinn var ekki heima. Hinn ákærði seldi steinolíuna í búð; ennfremur seldi hann 38 pund af kjötinu, hitt ljet hann sjóða og sómuleiðis rullupilsurnar, borðaði hann það mestmegnis sjálfur, en nokkuð ljet hann sem borgun fyrir matreiðsluna. Enn fremur hrifsaði hinn ákærði 12 aura franskbrauð í brauðsölu-búð Bernhöfts bakara, en það var tekið af honum áður en hann komst út úr búðinni með það. Kjötið og rullupilsurnar, er hinn ákærði stal, hefur verið virt á 14 kr., og steinolíupotturinn er talinn 20 aura virði; hefur því Sigurði Jónssyni fangaverði eptir kröfu hans verið dæmt endurgjald fyrir hið stolna, að upphæð 15 kr. 80 aura.

Hinn ákærði hefur áður verið dæmdur fyrir stórþjófnað í 8 mánaða betrunarhúsvinnu með landsyfir-rjettardómi, uppkveðnum 21. apríl 1884, og aptur var hann með dómi sama rjettar, uppkveðnum 24. okt. 1887, dæmdur eptir 232. gr. hegningarlaganna til að sæta tveggja ára og 6 mánaða betrunarhúsvinnu. Brot hins ákærða, sem nú er sakarefni, ber því að heimfæra undir síðara málslið í 233. gr. hinna almennu hegningarlaganna 25. júní 1869, og þykir hegning sú, þriggja ára betrunarhúsvinna, sem undirdómarinn hefur ákveðið, hæfileg eptir atvikum málsins. Með því að einnig ber að samþykkja ákvæði aukarjettardómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta tjeðan dóm í öllum grein-

um hans. Málskostnað fyrir yfirdómi verður hinn ákærði og að greiða, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn ákærði, Edilon Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verja fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum fullnægt undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. septembermán.

Nr. 11/1890.

Tryggvi Gunnarsson og

Halldór Pjetursson

gegn

Bjarna Arngrímssyni.

D ó m u r :

Hinn 17. febrúarmán. 1864 fekk Friðfinnur Þorláksson gullsmiður á Akureyri leyfi ekkjunnar Guðrúnar Sigurðardóttur á Vöglum til að veðsetja fyrir peningaláni, að upphæð 150 kr., er hann fekk síðar 8. marz s. á. úr Møðrufells spítala-sjóði (nú landssjóði), 3 hdr.